

254. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, föstudaginn 6. janúar 2023 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2301052 - Smiðjuvellir 4 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Smiðjuvöllum 4 um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla. Deiliskipulagsbreyting þessi nær eingöngu til lóðarinnar við Smiðjuvelli 4 á Akranesi og felst í að nýtingarhlutfall innan lóðarinnar er hækkað úr 0,52 í 0,55. Hækkað nýtingarhlutfall gefur heimild til aukinnar nýtingar innan húss s.s. milligólf en ekki til breytingar á grunnfleti eða útliti húss.

Breyting á skipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir því að leggja til við bæjarstjórn að málsmeðferð verði samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2209033 - Húsnæðisáætlun 2023

Til kynningar árleg húsnæðisáætlun til HMS.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun og vísar henni til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Guðmundur Ingþór Guðjónsson
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
Valgarður L. Jónsson